

**Nd.**

### **15. Tillaga til þingsályktunar**

um rannsókn á vegarstæði um Öxarfjarðarheiði og Hálsa.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka á næsta sumri vegarstæði um Öxarfjarðarheiði og Hálsa í Norður-Þingeyjarsýslu og gera áætlun um kostnað við vegargerð á þessum leiðum, hvorri fyrir sig.

#### **G r e i n a r g e r ð.**

Nauðsynlegt er að fá úr því skorið, hvernig sveitunum austan Öxarfjarðarheiðar verði á hagkvæmastan og ódýrasta hátt komið í samband við akvega-kerfið norðanlands. Getur þar verið um tvær aðalleiðir að ræða, þær sem nefndar eru í tillögunni. En hvorug sú leið hefir enn verið rannsökuð til fullnustu, og kostnaðaráætlun liggur ekki fyrir.